

Ungur nemur gamall temur - týndi afinn (of amman)

Meðal frumbyggja Ástralíu bar afinn sértaka ábyrgð á siðun og þjálfun afastrákanna sinna. Það mun hafa tekið um það bil áratug að þjálfari siðaðan, góðan veiðimann. Þá voru ungu karlarnir tilbúnir til að axla ábyrgð eiginmanns og föður. Eins og gefur að skilja voru brúðgumar allmiklu eldri en brúðir, þegar foreldrarnir leyfðu þeim hjúskap. Stundum voru barnungar stúlkur og unglingspiltar heitbundin, löngu áður en til giftingar kom. Þá var víða um að ræða tilraunagiftingu undir umsjón foreldra til að kanna, hvort brúðhjónin ættu saman. (Svipað fyrirkomulag gilti miklu víðar.)

Með breyttum lífsháttum „týnist“ afi. Hans Hämäläinen við háskólann í Turku segir: „Siðustu áratuginu hefur hlutverk móður- og föðurforeldra verið rannsakað víðsvegar ...“ Engu að síður „hefur öfum verið veitt miklu minni athygli en ömmum.“

En nú hafa tvær hugumstórar konur lagt upp í björgunarleiðangur. Ann Buchannan (f. 1941) og Anna Ullica Rotkirch (f. 1966) ritstýrðu alþjóðlegu ritverki um efnið: „Afar í alþjóðlegu ljósi“ (Grandfathers: Global Perspectives), sem kom út árið 2016. Um er að ræða greinasafn margra höfundar. Höfundar hafa verið tilnefndir til verðlauna fyrir framlag sitt.

Ann er enskur félagsráðgjafi og sálfræðingur með áratuga reynslu af störfum og rannsóknum á börnum og fjölskylduhögum. Hún hefur m.a. starfað við háskólann í Oxford.

Fyrir nokkrum árum síðan gerði Ann rannsókn á hálfu öðru þúsundi dæmigerðra barna (dæmigerðu úrtaki – representative sample) í Wales og á Englandi, þar sem m.a. var hugað að þýðingu ömmu og afa í lífi þeirra. „Lykilniðurstaðan var sú, að þátttaka móður- og föðurforeldra tengdist aukinni velsæld barnanna.“ Rannsóknin hefur síðar verið endurgerð með svipuðum niðurstöðum víðar.

Á grundvelli þessa segir Ann: „Í ljósi þess, að móður- og föðurforeldrar leggja svo mikla umhyggju og stuðning af mörkum við næstu kynslóð, má það sæta furðu, að lög séu miðuð við ráðandi „kjarnafjölskyldufyrirkomulag, [þar sem] ömmur og afa eiga engan rétt í sambandi við barnabörnin.“ Þetta hefur skapað ómældar þjáningar fyrir ömmur, afa og börn, á liðnum áratugum, þegar upplausn fjölskyldunnar ágerðist.

Anna Ullica Rotkirch (f. 1966) er finnskur félagsfræðingur, rannsóknastjóri á lýðfræðirannsókna stofnun í Finnlandi, sem heitir því óþjála nafni Väestöliitto. Hún hefur sérhæft sig í fjölskyldurannsóknum. T.d. hefur hún rannsakað það áhugavera fyrirbæri, hvort ömmur og afar sinni stjúpbarnabörnum af sömu alúð og raun- eða ættleiddum börnum. Hún komst að því, að svo væri ekki. Í ljósi fjölda stjúpbarnafjölskyldna og algengs tengslarofs barna við ömmu og afa, þegar fjölskyldan leysist upp, hlýtur þetta að valda áhyggjum.

Í bókardómi segir svo frá: „Höfundar álykta sem svo, að það væri samfélaginu til hagsbóta að hvetja afa til virkrar þátttöku í lífi barnabarnanna og færa rök fyrir réttindum afanna til samvista við þau, ...“

Í hjálagðri grein, sem Kristinn Sigurjónsson benti snjaldurvinum sínum á, ténir Rozzette Cabrera til helstu niðurstöður rannsókna á þessu sviði. Skemmtilegur og uppörvandi lestur.

https://spotlightstories.co/why-kids-need-their-grandparents/?utm_source=page_sm&utm_medium=facebook&utm_campaign=e1339474-b14b-49e4-a373-3fb6ede9389a&utm_content=parents&fbclid=IwAR0_EisQP_dP66wpZTC4_CaheJ5TF6nkKHUw9ooHTG6UANATuno1Fs_KIE